


Hvítá í Borgarfirði:
Pórarinn B. Þorláksson, 1903.

Andspænis náttúrunni



SÝNINGIN Andspænis náttúrunni, sumarsýning á verkum í eigu safnsins, verður opnuð í dag, laugardag, í Listasafni Íslands. Sýningin fjallar um náttúruna sem viðfangsefni íslenskra listamanna á 20. öld. Á sýningunni verða eingöngu verk í eigu safnsins eftir íslenska myndlistarmenn.

„Náttúran hefur skipað veigamikinn sess í verkum íslenskra myndlistarmanna á öldinni, og er sýningin nokkurs konar ágríp af þeirri sögu,“ segir Ólafur Kvaran forstöðumaður Listasafns Íslands. Sýningin spannar allt frá myndum Þórarins B. Þorlákssonar til Ólafs Eliassonar. „Milli þessara listamanna sér maður hvernig náttúran birtist með margvíslegum hætti og hvernig náttúrutúlkunin hefur verið í samspieli við hinar ólíku stíltegundir á 20. öldinni. Þetta má t.d. sjá þegar lítið er á ljóð-

rænu afstraktlistina, eins og hún birtist t.d. í verkum Svavars Guðnasonar, Nínu Tryggvadóttur, og Kristjáns Davíðssonar, en þau hafa sótt uppsprettu og stuðning í náttúruna og aðlagð hana sínum stíl. Í verkum hugmyndalistamanna frá því í kringum 1960, Sigurðar Guðmundssonar og fleiri, má sjá hvernig það myndmál er notað til að miðla skilaboðum um náttúruupplifanir. Að lokum má benda á verk málarakynslóðarinnar, sem kemur fram upp úr 1980. Þar koma fram listamenn eins og Georg Guðni og Helgi Þorgils, sem fjalla um náttúruna og stöðu mannsins innan hennar. Þannig varpar sýningin í heild sinni ákveðnu ljósi á það hvernig íslensk myndlist hefur verið í samspieli við ákveðna aðferðafræði og jafnframt hin djúpu tengsl íslenskrar myndlistar við náttúruna.“ Ólaf-

ur bætir því við að náttúran sem viðfangsefni sé í raun rauður þráður í gegnum íslenska myndlist á 20. öld þó svo að hún hafi mótast af ólíkum tímum, hugmyndum og aðferðum.

Sýningin er haldin í öllum sölum listasafnsins og stendur hún í allt sumar. „Sýningin er öðrum þræði mótuð með erlenda ferðamenn í huga, enda er aðsókn þeirra mikil á sumrin. Sýningin ætti einnig að höfða til Íslendinga, enda forvitnilegt að sjá hvernig náttúran, sem skipað hefur mjög sterk-an þátt í menningarlegri sjálfsmynd þjóðarinnar, birtist í tjáningu listamanna á ólíkum tímasteið-um.“

Listasafn Íslands er opið frá kl. 11-17 alla daga nema mánudaga og stendur sumarsýningin til 2. september.



Óratórían Messías æfð í Fríkirkjunni.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Messías Händels í Fríkirkjunni

KÓR Fríkirkjunnar í Reykjavík, ásamt kammersveit og einsöngvurum, flytur óratóríuna Messías eftir Georg Friedrich Händel í Fríkirkjunni í Reykjavík í dag, laugardag, og á morgun, sunnudag, kl. 17 báða dagana.

„Þetta sívinsæla verk hefur verið flutt mjög oft hér, en verkið var frumflutt hér á landi í Fríkirkjunni í Reykjavík í desember árið 1940. Þá var það Viktor Urbancic sem stjórnaði þeim flutningi, Kór Tónlistarfélagsins í Reykjavík söng og „Kátir félagar“ léku. Einsöngvarar voru þau Guðrún Ágústsdóttir, Dívína Sigurðsson, Guðrún Þorsteinsdóttir, Daniel Þorkelsson og Arnór Halldórsson,“ segir stjórnandinn Kári Þormar.

„Messías er nú fluttur í fyrsta skipti á nýrri öld, og fer vel á því að það sé gert í Fríkirkjunni í Reykjavík.“

Einsöngvarar nú eru þau Elma Atladóttir, Hrafnhildur Björnsdóttir, Guðrún Edda Gunnarsdóttir, Eyjólfur Eyjólfsson, Magnús Ragnarsson og Ólafur Kjartan Sigurðarson, en hann hefur tekið þátt í á annan tug uppfærslna á þessu verki.

Konsertmeistari er Gerður Gunnarsdóttir. Að sögn Kára Þormar var hann með það í huga að flytja stórt kórverk á þessu ári.

Frábært verk og aðgengilegt

„Við völdum þetta vegna þess að það er nokkuð langt síðan Messías hefur verið fluttur, og ágætis tilefni að vera á undan öðrum á nýrri öld. Mér finnst þetta líka spennandi vegna þess að ég hef aldrei sungið í verkinu áður og kem að því ferskur og ómótaður af hugmyndum annarra um það. Síðast en ekki síst er þetta bara svo frábært verk og aðgengilegt fyrir alla. Þetta er uppfærsla eins og fyrr á tímum með litlum kammerkór, þar sem hver og einn kórsöngvari er enn mikilvægari en ells. Einsöngvararnir verða líka partur af kórnum. Það er einfaldlega ekki hægt að hafa mjög stóran kór í Fríkirkjunni, það verða 22 í kórnum og 17 í hljómsveitinni. Þegar verkið var frumflutt í Dublin á sínum tíma voru aðeins 14 manns í kórnum.“

Einsöngvararnir sem syngja með kórnum eru allir ungir að árum, sumir þegar orðnir reyndir söngvarar, en aðrir að stíga sín fyrstu skref á söngbrautinni. „Ég vil ekki segja að það hafi verið aldurstakmark en söngvararnir eru allir ungir, mér fannst það spennandi að leyfa nýjum röddum að njóta sín“ segir Kári. Í tónleikaprógramminu verður ljósmynd af forsiðu prógrammsins sem gert var fyrir flutning Urbancic 1940. Auk söngvaranna sem fyrr eru nefndir eru þar hljóðfærалеikarar sem allir settu svip sinn á íslenskt tónlistarlíf: Páll Ísólffsson lék á orgelið, Karl O. Runólfsson tónskáld á trompet, Árni Kristjánsson píanóleikari á sembal, Björn Ólafsson fíðluleikari var konsertmeistari og Heinz Edelstein stofnandi Barnamúsíkskólans lék á selló.

Míðaverð er 1.500 kr.

ERLENT

Guggenheim á Netinu

NÝJASTA afkvæmi Solomon R. Guggenheim sjóðsins er listasafn á Netinu að því er bandaríska dagblaðið New York Times greindi frá á dögunum, en Guggenheim listasöfn er nú þegar að finna beggja vegna Atlantshafsins, í New York, Feneyjum, Bilbao og Berlín.

Netsafnið mun bjóða upp á frían aðgang að sumum menningarviðburðum, á meðan kaupa verður aðgang að öðrum. Stjórnendur listasafna hafa verið duglegir að færa sér tækniframfarir veraldarvefjarins í nyt á undanföllum árum og er að mati New York Times líklegt að Guggenheim netsafnið skari þar fram úr öðrum. Meðal þeirra staða sem Netsafnið mun veita aðgang að er Hermitage safnið í Rússlandi og Kunsthistorisches safnið í Austurríki. Þá verður á vefnum einnig að finna vandaðar stafrænar útgáfur af málverkum og skúlptúrum frá Guggenheim listasöfnunum, auk fjölmiðunarverka, tónleika og uppákoma. Síðuna, sem opnuð verður í september nk., verður að finna á slóðinni www.Guggenheim.com.

Metverð fyrir norska könnu

NORSK ölkanna úr tré var í vikunni seld fyrir metverð hjá uppboðsfyrirtækinu Sotheby's í



Norska ölkanna

London. Kannan sem er frá miðri 17. öld er einir 23 sentimetrar á hæð og er tréskurð-armeistarafrinn talinn hafa til-

heyrt skóla Samuel Halvorsen Fanden. Á 19. öld var kannan máluð og bentu fyrstu rannsóknir á henni því til að um 19. aldar, og mun ódýrari, grip væri að ræða. Sem slík var verðmæti hennar talið um 300.000 ísl. kr. að því er norska dagblaðið Aftenposten greindi frá. Nánari skoðun breytti þó því mati og hækkaði verðmæti könnunar upp í fjórar milljónir króna. Endanlegt söluverð reyndist þó mun hærri og seldist kannan á tæp 83.000 pund, eða einar 12 milljónir króna.

Sing Sing fangelsið gert að safni?

SING Sing fangelsið, í nágrenni New York-borgar, kann í framtíðinni að bjóða gesti sína velkomna af meiri alúð en tíðkast hefur þar sem uppi eru áform um að breyta hluta fangelsisins í safn. Það yrði ekki í fyrsta skipti sem fangelsi yrði breytt í safn og má nefna Alcatraz-fangelsið sem dæmi. Verði safni hins vegar komið á fót í Sing Sing verður það væntanlega í fyrsta skipti sem safn verður sett á fót í starfandi fangelsi. Glenn S. Goord, yfirmaður fangelsismála í fylkinu, hefur þegar lýst sig samþykkan hugmyndinni reynist hún raunhæf, en skv. henni gætu gestir virt aðstöðu fanganna fyrir sér úr fjarska, auk þess að heimsækja eftirlíkingu af af-tökuklefa. „Það er erfitt að viðhalda jafnvæginu,“ sagði Judith Saltzman, hjá Li/Saltzman arkitektastofunni, sem hefur umsjón með verkinu. „Og a.m.k. á pappírnum getum við viðhaldið jafnvægi varðandi öryggis- og einkamál, og samt sem áður leyft gestum að njóta reynslunnar af því að vera í Sing Sing.“

CARNEGIE ART AWARD

2000

LISTASAFNI KÓPAVOGS
GERÐARSAFNI, HAMRABORG 4, KÓPAVOGI
7 APRÍL–6 MAÍ 2001

OPNUNARTÍMAR:
ÞRIÐJUDAGA–SUNNUDAGA KL. 11–17

LEIÐSÖGN:
FIMMTUDAGA, LAUGARDAGA OG
SUNNUDAGA KL. 15

AÐGANGUR ÓKEYPIS

www.carnegieartaward.com